

Morgunblaðið

FÖSTUDAGUR 5. SEPTEMBER 2025

• Stofnað 1913 • 208. tölublað • 113. árgangur •



ERUM MEÐ
STÓRA
DRAUMA

ÍÞRÓTTIR 33



FKA-KONUR SKEMMTU SÉR

HEIMSÓKN Í HÁDEGISMÓA 16-17

SÖGUR ÚR
SKAGAFIRÐI Á
KAKALAPINGI

LÍKIÐ FANNST ALDREI 36



Höfundur Squid Game til Íslands

● Vinsælustu sjón-
varpsþættir Netflix



Hwang Dong-hyuk

Hwang Dong-hyuk, höfundur og leikstjóri sjónvarpsþátta *Squid Game*, bætist í hóp þekkra sagnalista-höfunda sem koma fram á bókmenntahátíðinni Iceland Noir í Reykjavík í nóvember. Hwang, sem hlotið hefur mikið lof fyrir þættina margverðlaunuðu, mun ræða ferilinn og verk sín, en hann er einnig þekktur fyrir kvikmyndirnar *My Father*, *Silenced*, *Miss Granny* og *The Fortress*. Á meðal annarra gesta verða rithöfundurinn George R.R. Martin og írski rithöfundurinn og ljóðskáldið Colm Tóbin. » 4

Fimm handteknir grunaðir um árás

■ Fimm voru handteknir í heimahúsi á Siglufirði í aðgerðum lögreglu og sersveitarinnar í gærkvöldi. Mennirnir eru grunaðir um líkamsárás en sjötti maðurinn var fluttur á sjúkrahúsið á Akureyri með áverka.

Lögreglu var tilkynnt um slasaðan mann utandyra í bænum kl. 18.40 í gærkvöldi og óskaði eftir aðstoð sersveitar.



Morgunblaðið/Birta Margrét

Árleg busavígsla í Menntaskólanum í Reykjavík

Nýnemar í Menntaskólanum í Reykjavík gengu í gegnum hefðbundna vígsluathöfn í gær er þeir voru boðnir velkomnir með tolleringu

fyrir framan skólann. Venju samkvæmt gengu tógaklæddir 6. bekkingar upp að skóla-byggingunni og sóttu busana, sem voru 273

þetta árið. Eftir að þeim hafði verið fleygt upp í loft nokkrum sinnum gátu þeir litið á sig sem fullgilda MR-inga.

„Þori ekki að hugsa þá hugsun til enda“

● Ótti er um úthlutun aflaheimilda í skel- og rækjubótum

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

„Þetta skiptir öllu máli og ég þori ekki að hugsa þá hugsun til enda ef við fáum ekki þessar aflaheimildir í skel- og rækjubótum,“ segir Eggert Halldórsson, framkvæmdastjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Þórsnes ehf. í Stykkishólmi, í samtali við Morgunblaðið en Þórsnes, sem gerir út samnefndan bát, er stærsti einstaki handhafi þeirra aflaheimilda sem úthlutað er á grundvelli skel- og rækjubóta.

Ekkert bólar enn á reglugerð um skel- og rækjubætur, almennan byggðakvóta eða línuvildun og hefur það sætt harðri gagnrýni. Sú reglugerð sem sett hefur verið um aflaheimildir sem falla undir svokallað byggðakerfi tekur einungis til þess kvóta sem Byggðastofnun úthlutar.

Gengur sá kvittur fjöllunum hærra



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Stykkishólmur Óvissa er í Stykkishólmi um skel- og rækjubætur.

að ætlun innviðaráðherra sé að fella þær aflaheimildir sem varið hefur verið í skel- og rækjubætur, almennan byggðakvóta og línuvildun undir strandveiðar, en stóruakning þeirra

hefur verið keppikefli Flokks fólksins sem er stjórn málaflökkur innviðaráðherrans.

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, tekur undir áhyggjur Eggerts Halldórssonar vegna þessa, enda er Þórsnes stór atvinnurekandi í bænum og skiptir samfélagið gríðarlegu máli.

„Ég hvet innviðaráðherra til þess að hraða útgáfu reglugerðarinnar þannig að tryggja megi skelbætur í Stykkishólmi og einnig að eiga við okkur samtal, ef einhverjar breytingar á að gera. Það hefur ekkert samráð verið haft við okkur hér,“ segir Jakob Björgvin.

Engin reglugerð hefur heldur verið sett um almennan byggðakvóta eða línuvildun og eru smærri útgerðir farnar að huga að uppsögnum landverkafólks vegna óvissunnar.

Hafa áhyggjur... » 2

Einmanaleiki vaxandi vandi

● Símtölum frá eldra fólki fjölgar

Símtölum frá eldra fólki í hjálparsíma Rauða krossins hefur fjölgað mikið að undanförunu. Eldra fólkið ræðir gjarnan einmanaleika, sem er vaxandi vandamál. Þegar kemur að alvarlegum sálrænum vandamálum er hins vegar eins og eldra fólki leiti sér síður hjálpar.

„Það sem við höfum líka tekið eftir er að það leitar sér síður aðstoðar við andlegum erfiðleikum. Ungu fólki á auðveldara með að tala um það ef því líður illa, upplifir kvíða eða jafnvel sjálfsvígshugsanir. Þetta er nokkuð sem við fáum mun síður frá þessum elsta hópi,“ segir Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri hjá hjálparsíma Rauða krossins 1717.

Sandra getur þess að margt eldra fólk kjósi frekar að hringja í hjálparsímann en í ættingja sína. „Við heyrum þetta oft. Þetta er kannski fullorðið fólk sem býr eitt og er ekki í vinnu eða einhverju



Aldraðir Aukinn einmanaleiki.

starfi á daginn. Það upplifir einmanaleika en vill ekki ónáða börnin, sem eru á fullu í vinnu, eða er búið að hringja og vill ekki ónáða aftur. Þá er svo gott að hringja í 1717 þar sem einhver er tilbúinn að spjalla. Fólk vill tala um erfiðleika og líður eins og börnin eða aðrir ættingjar séu orðin þreytt á að tala um þá. Þegar fólk er að burðast með þessar hugsanir er mikilvægt að tala um hlutina, koma þessu út.“

Álag á sjálfbóðaliða hjá hjálparsímanum hefur aukist. Nú eru þeir um 80 talsins. „Okkur vantar fleiri enda eru margar vaktir sem þarf að manna þegar opið er allan sólarhringinn,“ segir Sandra. » 4



Morgunblaðið/Olafur Árdal

Ríkisráð Ráðið fundar að jafnaði tvisvar á ári. Frá því í forsetatíð Kristjáns Eldjárns hefur verið hefð fyrir ríkisráðsfundi á gamlársdag.

Ríkisráðsfundur á Bessastöðum

● Ríkisstjórn fundar með forseta

Boðað hefur verið til ríkisráðsfundar á Bessastöðum í dag. Þetta kemur fram í tilkynningu frá skrifstofu forseta Íslands, en fundurinn hefst kl. 15.30.

Forseti Íslands og ráðherrar í ríkisstjórn skipa ríkisráð og hefur forseti þar forsæti. Ríkisráðsfundir eru að jafnaði haldnir tvisvar á ári en forseti ákveður fundi ríkisráðs eftir tillögum forsætisráðherra og stýrir fundunum.

Samkvæmt tilskipun um starfsreglur ríkisráðs skal í ráðinu bera upp fyrir forseta öll lög, þar á meðal bráðabirgðalög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Til mikilvægra stjórnarráðstafana teljast lagafrumvörp sem ráðherrar vilja leggja fyrir Alþingi, tillögur um að kveðja Alþingi saman, slíta því, fresta fundum þess eða rjúfa það, mikilvægir samningar við erlend ríki eða þá sem þurfa staðfestingar forseta annaðhvort samkvæmt stjórnarskránni eða samkvæmt ákvæðum samningsins, tillögur um veitingu á,

Síðustu ríkisráðsfundir

- » 23.3. 2025 – Ráðherraskipti.
- » 31.12. 2024 – Ekki fundað. Of stutt frá síðasta fundi.
- » 21.12. 2024 – Stjórnarskipti.
- » 17.10. 2024 – Stjórnarskipti.
- » 31.7. 2024 – Síðasti ríkisráðsfundur Guðna Th. Jóhannessonar.
- » 9.4. 2024 – Ráðherraskipti.
- » 31.12. 2023 – Reglubundinn fundur á gamlársdag.

lausn eða frávikningu frá embætti sem forseti veitir eða flutningur úr einu embætti í annað, tillögur um að saksókn fyrir afbrot skuli falla niður, um náðun og um almenna uppgjöf saka, forsetaúrskurðir, tilskipanir, opin bréf og aðrar mikilvægar stjórnarráðstafanir. olafur@mbl.is

Hafa áhyggjur vegna óvissu um úthlutun

● Engin reglugerð hefur verið sett um skel- og rækjubætur

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

„Við höfum töluverðar áhyggjur af stöðunni og höfum haft það upp á síðkastið vegna þeirrar óvissu sem uppi er um framhaldið,“ segir Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, í samtali við Morgunblaðið, þegar viðbragða hans er leitað við því að innviðaráðherra hefur ekki gefið út reglugerð um þær aflaheimildir sem falla undir skel- og rækjubætur. Þær heimildir eru í flokki með því sem kallað er byggðakerfi. Í því kerfi eru 5,3% af útgefnu aflamarki hverju sinni.

Sjávarútvegsfyrirtækið Þórsnes ehf. í Stykkishólmi, sem gerir út samnefndan bát, er stærsti einstaki handhafi aflaheimilda sem úthlutað er á grundvelli skel- og rækjubóta í 5,3% kerfinu.

„Þórsnes er stór atvinnurekandi í Stykkishólmi og skiptir gríðarlegu máli fyrir samfélagið hér. Við vonum að innviðaráðherra geti horft á málið svipuðum augum og við og sjái mikilvægi þess að tryggja áfram skelbætur í Stykkishólmi eins og bæjarstjórnin hér hefur ítrekað lagt áherslu á undanfarin 20 ár,“ segir Jakob Björgvin.

Spurður álits á þeirri stöðu sem teiknast myndi upp, ef rækju- og skelbæturnar myndu ekki skila sér, segir Jakob Björgvin ástæðu til að hafa gríðarlegar áhyggjur af þeirri óvissu sem skapast myndi í atvinnulífi í Stykkishólmi ef svo færi.

Jakob Björgvin nefnir að innviðaráðherra hafi setið fund ríkisstjórnarinnar í Stykkishólmi nýverið og hafi þar fengið að heyra frá sveitarstjórnarmönnum, bæði Stykkishólms og frá Vesturlandi öllu, um mikilvægi rækju- og skelbóta fyrir atvinnulífið á svæðinu.

„Ég held að hann sé fullmeðvitaður um mikilvægið, en það sem veldur



Morgunblaðið/Gunnlaugur Árnason

þórsnes SH 109 Stærsti einstaki hluti skel- og rækjubóta er á Þórsnesinu.

okkur áhyggjum er að ekki sé búið að ganga frá málinu og að eitthvert hik sé á því,“ segir Jakob Björgvin sem hvetur ráðherra til að setja reglugerðina hið fyrsta.

Þungar áhyggjur

Eggert Halldórsson framkvæmdastjóri Þórsness segist í samtali við Morgunblaðið hafa þungar áhyggjur af stöðu mála og kveðst ekki getað hugsað þá hugsun til enda fái fyrirtækið ekki skel- og rækjubæturnar úthlutaðar.

Svo sem kunnugt er gaf innviðaráðherra út reglugerð í lok síðustu viku þar sem mælt var fyrir um það aflamagn sem kemur í hlut Byggðastofnunar til úthlutunar til báta í byggðarlögum sem búa við bráðan vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Í reglugerðinni er hins vegar ekki mælt fyrir um skel- og rækjubætur, almennan byggðakvóta eða línuvílnun eins og jafnan áður, en þessir aflakvótar heyra allir undir svokallað byggðakerfi sem 5,3% af útgefnu aflamarki hverju sinni falla undir.

Á síðasta fiskveiðiári var úthlutað tæplega 2.000 tonnum í flokki skel-

og rækjubóta sem var mun minna en fiskveiðiárið á undan. Hlutur Þórsness SH 109 úr þeim potti var ríflega 540 tonn af óslægðu. Þórsnes er þ.a.l. stærsti einstaki handhafi skel- og rækjubóta og nema bæturnar nálægt þriðjungi af aflaheimildum þess.

Eggert segir að ef skel- og rækjubæturnar koma ekki til úthlutunar myndi það hafa mjög slæmar afleiðingar, setja rekstur fyrirtækisins í uppnám og leiða til þess að endurskoða þyrfti rekstur þess. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 60, bæði á sjó og í landi, en fiskvinnsla Þórsness er sú eina sem starfrækt er í Stykkishólmi, þannig að þar er mikið undir þegar kemur að atvinnulífi í bænum.

Þegar aflamarkskerfið var tekið upp á á sínum tíma voru heimildir skel- og rækjuútgerða skertar í þorski, vegna þess að þær voru að veiða skel eða rækju. Togarar fengu hins vegar meira en veiðireynsla þeirra gaf tilefni til. Vegna skerðingarinnar þótti eðlilegt að þeim sem gerðu út á rækju og skel væri bættur skaðinn. Úthlutun á skel- og rækjubótum var komið á um síðustu aldamót vegna aflabrests í þeim tegundum, sem síðan hefur reynst að mestu varanlegur.

Erlendir fangar eru í meirihluta

● 57% fanga á síðasta ári útlendingar

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is

Hlutfall erlendra fanga í íslenskum fangelsum hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og var svo komið í fyrra að 57% fanga í fangelsum hér á landi voru af erlendu bergi brotin. Hefur hlutfall þeirra meira en tvöfaldast á fimm árum.

Þetta kemur m.a. fram í svari Þorbjargar Sigríðar Gunnlaugsdóttur dómsmálaráðherra við fyrirspurn Diljár Mistar Einarsdóttur alþingismanns Sjálfstæðisflokksins, en svarið er birt á vef Alþingis.

„Þetta er ógnvænleg þróun og óásættanleg. Dómsmálaráðherrann hefur lýst yfir vilja til að bregðast við þessu, m.a. með því að leita leiða til að erlendir fangar afpláni refsivist sína erlendis. Ég vil sjá ráðherrann stíga ákveðin og stór skref í þeim efnum. Ég mun fylgja því eftir á Alþingi,“ segir Diljá Mist í samtali við Morgunblaðið.

Diljá Mist spurði ráðherrann um

hlutfall erlendra fanga í fangelsum hér árin 2020 til 2024 sem og fjölda þeirra, bæði í afplánun og í gæsluvarðhaldi. Í svarinu kemur fram að í fyrra hafi 180 útlendingar sætt varðhaldi en 100 verið í afplánun. Árið 2023 sátu 109 útlendingar í fangelsi en 138 í gæsluvarðhaldi og var hlutfall hinna erlendu 55%.

Árið 2022 voru erlendir fangar 88 talsins en 91 sætti gæsluvarðhaldi og hlutfallstala útlendinganna var 43%. Árið 2021 var fjöldi erlendra fanga 50 og í gæslu sátu 68 manns og nam hlutfallið 30%. Árið áður voru erlendir tugþúslimir 55 talsins en gæsluvarðhaldsfangarnir voru 43 og var hlutfallstalan 26%.

„Þetta er algerlega óásættanlegt fyrir íslenska skattgreiðendur og við eigum ekki að þola að vera með erlenda ríkisborgara hér á landi sem eru að brjóta af sér,“ segir Diljá Mist.

Í svari ráðherrans kemur m.a. fram að vegna aukins þunga skipulagðrar brotastarfsemi hér landi, fjölda mála þar sem útlendingum hefur verið synjað um inngöngu í landið eða slík mál eru til skoðunar hjá stjórnvöldum og mála þar sem útlendingar eru í ólög-mætri dvöl hafi kröfum um gæsluvarðhald fjölgað undanfarin ár.

„Active JOINTS er einn af betri ferðafélögum sem ég hef valið mér, ég er mun betri í liðunum og orkumeiri“

— Hrönn Ægisdóttir

Active JOINTS fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.

Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík

EYLÍF
www.eylif.is



Gott til endurvinnslu

Morgunblaðið Hádegismóum 2, 110 Reykjavík. Sími 569 1100 **Fulltrúar ritstjóra** Sigtryggur Sigtryggsson sisi@mbl.is Andrés Magnússon andres@mbl.is **Fréttir** Björn Jóhann Björnsson, Kristján H. Johannessen, Jón Pétur Jónsson frettir@mbl.is **Menning** Silja Björk Huldudóttir menning@mbl.is **Víðskipti** Matthías Johannessen vidskipti@mbl.is **Íþróttir** Viðir Sigurðsson sport@mbl.is **Dægurmál** Marta María Winkel Jónasdóttir smartland@mbl.is **Umræðan** | **Minningar** mbl.is/sendagrein **Áskrift** askrift@mbl.is **Auglýsingar** augl@mbl.is **Prentun** Landsprent ehf.